
1931 nr. 36 8. september

Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra

■ **1. gr.** [Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt

reglum¹⁾ sem kirkjuþing setur.]²⁾

¹⁾ Augl. 819/1999, ²⁾ L. 141/1998, 1. gr.

■ **2. gr.** Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.** Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá,¹⁾ er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

¹⁾ Gjaldskrá 149/1986.

ELDRRI ÚTGÁFA